

## ✉ RE: Vatnsendahvarf, skipulagslýsing

Búið til	25.5.2021 12:14:49
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	25.5.2021 12:14:48
Tilheyrir	📁 202105-0001 - Vatnsendahvarf, skipulagslýsing

### Efni

RE: Vatnsendahvarf, skipulagslýsing

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	25.5.2021 12:14:48	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	bergvindok@kopavogur.is

### Innihald

Góðan daginn,

tilvísun í mál nr. 202105-0001 (SS).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulagsdeild Kópavogsbæjar, dags. 30. apríl 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag Vatnsendahvarfs í Kópavogi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulagslýsingu og gerir ekki athugasemdir við lýsinguna en er með eftirfarandi ábendingar.

Um er að ræða raskað svæði þar sem náttúrufar hefur lítið verndargildi eins og kemur fram í skipulagslýsingunni. Stærstur hluti svæðisins eru gömlu tún kringum gömlu Útvarpsstöðina. Holtagróður austast og vestast á svæðinu er að miklu leyti orðinn þakinn alaskalúpínu og verndargildið hefur því rýrnað frá upphaflegu ástandi. Svæðið hefur þó töluvert gildi sem útsýnis- og útivistarstaður í dag og uppbygging mun skerða það gildi að einhverju leyti.

Náttúrufræðistofnun bendir á að í umsögn stofnunarinnar um deiliskipulagslýsingu vegna 3. áfanga Arnarnesvegur dagsetta 25. maí 2021 er fjallað um að æskilegt væri að leggja mat á gróðurfar, fuglalíf og jarðminjar í vesturhlíð Vatnsendahvarfs (Vatnsendahæðar) þar sem upplýsingar úr matsskýrslu vegna vegaframkvæmdarinnar eru komnar til ára sinna. Þar er m.a. fjallað um að plöntutegundin blátoppa sem er á valista hefur fundist í Vatnsendahvarfi.

Í deiliskipulagslýsingu fyrir Vatnsendahvarf segir á bls. 8 „æskilegt [væri] að gera úttekt á fuglalífi áður en til framkvæmda komi“. Náttúrufræðistofnun tekur undir þetta og telur að skynsamlegt væri að sameina náttúrufræðistofnanir fyrir þessi aðliggjandi deiliskipulagssvæði eins og við á.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á að gera frekari athugasemdir á síðari stigum deiliskipulagsins.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is/)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Berglind Ósk Kjartansdóttir" <berglindok@kopavogur.is>  
**To:** "Hanna Magnúsdóttir - NI" <Hanna.Magnusdottir@ni.is>  
**CC:**  
**Subject:** RE: Vatnsendahvarf, skipulagslýsing  
**Date:** 30.4.2021 13:12:53

Sæl Hanna,

Í viðhengi er skipulagslýsingin fyrir Vatnsendahvarf.

Eftirfarandi texti var sendur bréfleiðis:

Á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 13. apríl 2021 var lögð fram og samþykkt meðfylgjandi skipulagslýsing fyrir gerð nýs deiliskipulags í Vatnsendahvarfi. Skipulagslýsingin nær yfir óbyggt svæði á Vatnsendahæð þar sem gert er ráð fyrir íbúðabyggð í tillögu að nýju aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 sem nú er í kynningu. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur suðaustan við fyrirhugaðan Arnarnesveg á mörkum Reykjavíkur og Kópavogs, Kórahverfis og Hvarfa í Vatnsenda. Í skipulagslýsingunni koma m.a. fram helstu áherslur bæjaryfirvalda við fyrirhugaða deiliskipulagsgerð, upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli svo og um kynningu og samráð.

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er óskað umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands á meðfylgjandi skipulagslýsingu fyrir 25. maí 2021.

Bestu kveðjur,

Berglind Ósk Kjartansdóttir

Ritari skipulagsdeildar

Umhverfissvið Kópavogsbæjar

Sími 441 0000

Kópavogsbær | Digranesveg 1 | 200 Kópavogur

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt

er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the

addressee. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your

system.

**From:** Hanna Magnúsdóttir - NI <Hanna.Magnusdottir@ni.is>  
**Sent:** föstudagur, 30. apríl 2021 11:21  
**To:** Berglind Ósk Kjartansdóttir <berglindok@kopavogur.is>  
**Subject:** Vatnsendahvarf, skipulagslýsing

Sæl Berglind

Náttúrufræðistofnun Íslands var að berast beiðni um umsögn fyrir Vatnsendahvarf, skipulagslýsing.

Hefur þú tök á að senda beinina rafrænt?

Bestu kveðjur

Hanna Magnúsdóttir - NI

## Viðhengi

image001.png (5 KB)